

5

Hvað er trú?

Hvernig kynnumst við Guði? Alveg eins og við kynnumst öðrum. Til þess að kynnast einhverjum þarf þrennt til. Fyrst þarf að tala við þá. Síðan þarf að hlusta á þá. Og í þriðja lagi þarf að fara eitthvert og gera eitthvað saman. Þetta eru innviðir samskipta. En hvernig veit ég að Guð er til staðar?

Við nýtum okkur margt sem við sjáum ekki. Hversu langt er síðan þú sást rafmagn? Þú sérð ekki vindinn. Við sjáum ekki þennan óútskýranlega hlut kallaður „líf“. En við sjáum ummerki alls þessa.

Við hvorki sjáum Guð né heyrum rödd hans með mennskum skynfærum, en samt sjáum við máttarverk hans. Og með því að nýta okkur þær samskiptaleiðir sem hann hefur gefið okkur getum við kynnst honum. Og þegar við kynnumst honum lærum við að treysta honum.

1. Hversu mikilvæg er reynsla trúarinnar? Hebreabréfið 11.6; 10.38

2. Hvernig er hægt að misskilja trú? Lúkas 17.5-6

Ath. Trú er ekki mæld í magni. Lítil trú, sem er einlæg, getur framkvæmt hið ómögulega.

3. Hvað er einlæg trú? Matteus 15.21-28

*Ath. Þessi heiðna kona hafði mikla trú, en Jesús virtist hunsa hana, synja henni og jafnvel móðga hana. Samt heldur hún áfram að **treysta** honum. Besta útskýringin á trú er **traust**. Trú er að reiða sig á einhvern annan.*

Loftfimleikamaður gekk á línu yfir Niagara-fossana. Eftir að mannfjöldinn hafði horft agndofa á dirfsku hans spurði hann: „Hve margir telja að ég geti gengið aftur yfir línuna en nú keyrandi einstakling í hjólbörum?“ Mannfjöldinn fagnaði með lófataki. Fólkið var vissu um að hann gæti þetta. En þegar hann spurði: „Hver vill bjóða sig fram til að sitja í hjólbörunum?“ varð dauðabögn. Áhorfendur höfðu rétt í þessu verið minntir á hve mikill munur er á trú og trausti.

4. Hvernig lærum við að treysta einhverjum? 2 Tímóteusarbréf 1.12

5. Hvernig lærum við að þekkja Guð?

- a. Hlusta á – Rómverjabréfið 10.17; Jóhannes 20.31 _____
- b. Tala við – Filippíbréfið 4.6; Lúkas 11.9-13 _____
- c. Vinna með – Matteus 11.29 _____

6. Er trú eitthvað sem við þroskum með okkur eða þjálfum upp? Rómverjabréfið 12.3; Hebreabréfið 12.2

Ath. Trú er gjöf frá Guði. Hún verður sannari eftir því sem við eyðum meiri tíma með Jesú.

7. Hvernig hjálpar Guð okkur að vera viss um vilja hans? Jesaja 30.21

Ath. Guð lofar að leiðbeina okkur samkvæmt vilja sínum.

Guð opinberar okkur vilja sinn á þrennan hátt.

A. Í orði sínu Sálmarir 119.105; Jósúa 1.8

Ath. Ritningarnar eru áreiðanleg heimild um vilja Guðs varðandi hvaða efni sem er. Við getum lært margt um fjármál, barnauppleði eða hvaða siðferðislega málefni sem er. Ef þig vantar leiðsögn varðandi eitthvað, leitaðu þá fyrst svara í Biblíunni.

B. Með forsjón eða kringumstæðum. Orðskviðirnir 3.5-6; Sálmarir 37.23

Ath. Oft opinberar Guð okkur vilja sinn með ákveðnum aðstæðum. Þegar við erum að biðja um leiðsögn, t.d. varðandi vinnu eða búsetu, þá þurfum við að líta á hvaða dyr eru opnar eða lokaðar.

C. Með því að tala beint til hjarta okkar. Postulasagan 8.26-40

Ath. Stundum fáum við skýr hugboð um vilja Guðs frá Heilögum Anda. Oft hjálpar að vera nákvæm í bænum okkar til Drottins varðandi málefni sem við erum í vafa um. T.d. gætir þú beðið Guð um að gefa þér áframhaldandi sterkt hugboð um eitthvað ef það er hans vilji, en ef það er ekki samkvæmt vilja hans að hann fjarlægji þessa hugsun.

Sem dæmi um þetta þá var einhver sem bað fyrir því hvort hann ætti að taka ákveðnu starfi. Þau báðu að ef þetta tækifæri væri Guðs vilji fyrir þau að þau myndu verða spenntari og spenntari fyrir því. Og ef þetta væri ekki Guðs vilji, að hann myndi þá fjarlægja þessa hugsun.

5-3

Um leið og þau höfðu beðið mundi þessi manneskja ekki einu sinni nafnið á fyrirtækinu. Þau vissu um leið að þetta var ekki Guðs vilji fyrir líf þeirra. Sex mánuðum seinna var fyrirtækinu lokað! Guð veit leikslökin frá upphafi! Það færir okkur frið í okkar lífsgöngu að vera stödd í vilja hans.

8. Þurfum við trú til þess að Guð geti starfað í lífi okkar? Matteus 9.22, 28-29

Ath. Heilagur Andi notar trúna til þess virkja mátt Guðs í lífi okkar. Án trúar getur Guð ekki veitt okkur fyrirgefningu sína og umbreytt okkur. „Ekki bíða þess að þér finnist þú vera heill orðinn, heldur segðu: „Ég trúi því að ég sé heill, ekki sökum þess að mér finnist að svo sé, heldur vegna þess að Guð hefur heitið því.““

Vegurinn til Krists, bls. 61.

9. Hvað ef þig skortir næga trú til þess að Guð geti unnið í þínu lífi? Markús 9.20-27

Ath. Við þurfum einungis að biðja Guð um að gefa okkur þá trú sem við þurfum þar sem trúin er, hvort eð er, upphaflega frá honum. Við verðum aldrei sett í þannig kringumstæður að Guð geti ekki séð um líf okkar. „[Herra], ég trúi, hjálpa þú vantrú minni.“ Hann er trúfastur svo hann mun hjálpa okkur hvenær sem við þörfnumst hans.

Samantekt: Andlegu loforðin (um fyrirgefningu, Heilagan Anda, o.s.frv.) eru ávallt til staðar. En loforð um stundlegar blessanir, jafnvel lífið sjálft, eru stundum uppfyllt og stundum haldið til baka, eins og Guð telur best.

Trúin treystir Guði, jafnvel þegar hlutirnir fara á annan veg en við viljum. Það er auðvelt að treysta Guði þegar allt gengur snurðulaust. Prófraun trúarinnar er þegar okkur finnst að bænnum okkar sé ekki svarað.

Sannleikurinn er sá að við vinnum ekki að réttlæti okkar né trú okkar. Hvorutveggja er gjöf. Bæði stafa af því að þekkja Jesú. Og að þekkja Jesú er afleiðing þess að taka tíma til bænna og samskipta við hann. Ef við komum til hans mun hann veita okkur þá sönnu trú sem við þurfum.

Svör við nr. 5

Spurning 1 – Mjög mikilvæg, hún skiptir öllu

Spurning 2 – Það er ekki hversu mikla trú, heldur að hún sé einlæg

Spurning 3 – Traust

Spurning 4 – Með því að kynnast honum / henni

Spurning 5 – a- Lesa í Orði hans

b- Biðja til hans

c- Starfa með Heilögum Anda

Spurning 6 – Nei

Spurning 7 – Hann lofar að leiðbeina okkur

Spurning 8 – Já

Spurning 9 – Þú þarft aðeins að biðja Guð um hana